



Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum Húnabyggðar

1.gr.

Gildissvið

Samþykkt þessi byggir á 25. og 44. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar nr. 420/2022. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2.gr.

Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa eru:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3.gr.

Fundir

Sveitarstjórnarfulltrúar eru 9 og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum.

Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- A. Sveitarstjórn
- B. Byggðaráð
- C. Fastanefndir og ráð
- D. Aðrar nefndir og stjórnir
- E. Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A til D.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann sé rituð fundargerð.

4.gr.

Skilgreining nefnda og ráða

Fastanefndir sveitarfélagsins eru:

- Fræðslunefnd
- Íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsunefnd
- Atvinnu- og menningarnefnd
- Landbúnaðarnefnd
- Skipulags- og samgöngunefnd
- Umhverfisnefnd
- Velferðarnefnd
- Kjörstjórn
- Fjallskilastjórnir



- Fjallskiladeild Auðkúluheiðar
- Fjallskiladeild Blönduósbæjar
- Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps
- Fjallskiladeild Grímsstungu- og Haukagilsheiða
- Fjallskiladeild Skagaheiðar

Ráð sveitarfélagsins eru:

- Ungmennaráð
- Öldungaráð
- Notendaráð

5.gr.

Þóknun

Þóknun fyrir störf í sveitarstjórn, byggðaráði og öðrum ráðum og nefndum sveitarfélagsins skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfararkaupi sem er í gildi hverju sinni. Þingfararkaup frá 1. júlí 2025 er kr. 1.611.288. Þóknanir taka breytingum samhliða breytingum á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað nr. 88/1995, með síðari breytingum. Starfskostnaður tekur ekki breytingum á kjörtímabilinu.

Orlof telst innifalið í fastri mánaðarþóknun og þóknun fyrir hvern setinn fund.

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu og nefndar- og ráðsfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi. Undantekning eru starfsmenn grunn- og leikskóla sem sitja fundi fræðslunefndar. Þeir fá greidda þóknun fyrir hvern setinn fund sem nemur 1,5%.

Þóknun kjörinna fulltrúa er sem hér segir:

A) Sveitarstjórn

Forseti sveitarstjórnar, mánaðarþóknun 18,5%.

Forseti sveitarstjórnar, 2,5% fyrir hvern setinn fund.

Aðalfulltrúi í sveitarstjórn, mánaðarþóknun 10%.

Aðalfulltrúi í sveitarstjórn, 2% fyrir hvern setinn fund.

Fyrsti varamaður hvers framboðslista sem á fulltrúa í sveitarstjórn, mánaðarþóknun 1% fyrir hvern aðalmann sem viðkomandi framboðslisti á í sveitarstjórn.

Fyrsti varamaður hvers framboðslista sem á fulltrúa í sveitarstjórn, 2% fyrir hvern setinn fund.

Aðrir varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn, 2,5% fyrir hvern setinn fund.

B) Byggðaráð

Formaður, mánaðarþóknun 7,5%.



Formaður, 2% fyrir hvern setinn fund.

Aðalmaður, mánaðarþóknun 5%.

Aðalmaður, 2% fyrir hvern setinn fund.

Varamaður, 2% fyrir hvern setinn fund.

Áheyrnarfulltrúi, 2,5% fyrir hvern setinn fund.

C) Fastanefndir og ráð

Formaður, 3% fyrir hvern setinn fund.

Aðalmaður, 1,5% fyrir hvern setinn fund.

Varamaður, 1,5% fyrir hvern setinn fund.

Áheyrnarfulltrúar fá ekki greidda sérstaka þóknun.

6.gr.

Starfskostnaður

Forseti sveitarstjórnar skal fá greiddan starfskostnað vegna starfa sinna að fjárhæð kr. 50.000 á mánuði.

Aðalmenn í byggðaráði fá greiddan starfskostnað vegna starfa sinna í byggðaráði og sveitarstjórn að fjárhæð kr. 30.000 á mánuði.

Aðrir aðalmenn í sveitarstjórn, sem eiga ekki sæti sem aðalmenn í byggðaráði, fá greiddan starfskostnað vegna starfa sinna að fjárhæð kr. 18.000 á mánuði.

Aðalmenn í sveitarstjórn fá greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 80.000 þann 1. september á kosningarári til búnaðarkaupa.

7.gr.

Þóknun í sumarleyfum

Sveitarstjórnarfulltrúar og fyrstu varamenn skv. A-lið 4. mgr. 5. gr. samþykktu þessara fá greidda mánaðarþóknun á meðan sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

8.gr.

Lífeyrissjóður og slysatrygging

Sveitarfélagið heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð sem samráð er um milli launadeildar og viðkomandi fulltrúa.

Mótframlag sveitarfélagsins vegna lögbundinna lífeyrisgjalda er 11,5%. Ekki er greitt mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.



Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. tryggingasamningi sveitarfélagsins hverju sinni.

9.gr.

Sé sveitarstjórnarfulltrúi eða fyrstu varamenn skv. A-lið 4. mgr. 5. gr. samþykkt þessara forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að þrjá mánuði.

Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi eða fyrstu varamenn láta af störfum af öðrum ástæðum.

9.gr.

Nefndir á vettvangi samstarfs sveitarfélaga

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga skv. D-lið 1. mgr. 3. gr. er greitt af viðkomandi samtökum. Sveitarfélagið getur átt fulltrúa í eftirtöldum samstarfsverkefnum:

- Fulltrúa í stjórn SSNV
- Búfjáreftirlits- og fjallskilanevnd A-Hún.
- Gróðurverndar- og náttúruverndarnevnd A-Hún.
- Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands

10.gr.

Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar

Fyrir störf í sérstökum nefndum skv. E-lið 1. mgr. 3. gr., sem sveitarstjórn skipar til tímabundinna starfa, fá fulltrúar greitt skv. C-lið 4. mgr. 5. gr. samþykkt þessara.

11.gr.

Aðrir fundir

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélag, sem sveitarstjórn eða byggðaráð, ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

- Sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundi innan A-Hún, þar sem fundarkostnaður er ekki greiddur af öðrum aðilum. Greiðsla á hvern fund, 1,5% af þingfararkaupi hverju sinni að viðbættum akstri.
- Sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundi utan A-Hún, þar sem fundarkostnaður er ekki greiddur af öðrum aðilum. Greiðsla á hvern dag, dagpeningar án gistingar skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins hverju sinni að viðbættum akstri eða afnot af bílaleigu bifreið. Greitt er fyrir gistingu samkvæmt framlögðum reikningi eða hún greidd af sveitarfélaginu fyrirfram.

12.gr.

Laun kjörstjórnar

Laun vegna vinnu kjörstjórnar á kjördegi er greidd eftir fjölda unninna klukkustunda. Greidd er yfirvinna skv. launatöflu Kjalar stéttarfélags, launaflokkur 122-5 og orlof. Formaður



kjörstjórnar fær 50% álag. Auk þess fær kjörstjórn greitt fyrir fundi til undirbúnings kosninga skv. C-lið 4. mgr. 5. gr. samþykkt þessara.

13.gr.

Fundartími

Leitast skal við að stjórnir, ráð og nefndir fundi ekki á frídögum og/eða stórhátíðardögum.

14.gr.

Laun fjallskilastjóra

Fjallskilastjórar fá greitt fyrir fundi skv. C-lið 4. mgr. 5. gr. samþykkt þessara. Að auki fá þeir 200.000 kr. á ári fyrir störf sín og 15.000 kr. í símakostnað.

15.gr.

Sí- og endurmenntun

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn eða byggðaráð skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðasókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggi fyrir áður en til útgjalda er stofnað.

16.gr.

Ferða- og gistikostnaður

Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað vegna starfa í þágu sveitarfélagsins enda sé vegalengdin aðra leiðina meiri en 5 km. Akstur er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi.

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, s.s. með því að samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir ferð og/eða gistingu. Greitt er eftir ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins á hverjum tíma. Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar eða byggðaráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum, fyrirfram.

17.gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi tekur gildi 1. júní 2026 og falla þá úr gildi eldri samþykktir um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins sem samþykktar voru á 2. fundi sveitarstjórnar Húnaþingis Norðvestri þann 21. júní 2022.



18.gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Vegna umfangsmikilla verkefna við hagsmunagæslu og stefnumótandi verkefni í þágu sveitarfélagsins skal oddviti sveitarstjórnar fá greidda sérstaka mánaðarþóknun sem nemur 31,5% af þingfararkaupi hverju sinni til viðbótar við þóknun samkvæmt 5. gr. samþykktar þessarar.

Þóknunin er greidd vegna verkefna sem lúta meðal annars að samskiptum við stjórnvöld, ráðuneyti, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, orkufyrirtæki, atvinnulíf, fjárfesta, mögulega uppbyggingaraðila og aðra samstarfsaðila vegna uppbyggingar, atvinnuþróunar, innviðauppbyggingar og annarrar hagsmunagæslu í þágu sveitarfélagsins.

Oddviti skal sinna þessum verkefnum í nánú samstarfi við sveitarstjóra.

Þóknun þessi er greidd vegna sérstakra verkefna sem falla utan hefðbundinna starfa forseta sveitarstjórnar samkvæmt samþykkt þessari.

Ákvæði þetta gildir í eitt ár frá gildistöku þess. Sveitarstjórn getur að þeim tíma liðnum, að undangengnu mati á umfangi verkefna og þörf sveitarfélagsins fyrir áframhaldandi hagsmunagæslu, ákveðið að framlengja gildistíma ákvæðisins.

Samþykkt þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 25. júní 2026.